

ÓLAFUR HALLDÓRSSON

Christian Westergård-Nielsen,
prófessor dr. phil.
24. 11. 1910 – 26. 8. 1994

ÞVÍ HEFUR löngum verið við brugðið að danski málvísindamaðurinn Rasmus Kristian Rask hafi talað íslensku svo vel að þeir sem ekki vissu betur hafi ekki heyrt annað á máli hans en að hann væri Íslendingur. Það var einsdæmi um danskan mann á þeirri tíð. En á þessari öld telst það ekki til tíðinda að danskir málvísindamenn tali íslensku eins og innfæddir, og sumir raunar betur. Einn af þeim var Christian Westergård-Nielsen.

Christian Westergård-Nielsen var fæddur í Kaupmannahöfn 24. nóvember 1910 og ólst þar upp. Foreldrar hans voru Marius Theodor Nielsen, sóknarprestur, og kona hans, Julie Marie Westergaard. Hann var settur til náms í einn virðulegasta og strangasta menntaskóla Kaupmannahafnar, Metropolitan-skólann, og lauk þaðan stúdentsprófi 1929. Eftir stúdentspróf innritaðist hann í Hafnarháskóla og lagði stund á norræn fræði (nordisk filologi) og var lengi við nám, enda mun hann hafa sett markið hátt. Hann vann til gullmedalíu háskólans 1937 með ritgerð um tökuorð í prentuðum íslenskum bókum frá 16. öld og lauk magistersprófi 1938. Ritgerðina, sem hann hafði unnið að frá áramótum 1935, endursamdi hann síðan og jók að miklum mun við erfiðar aðstæður á stríðsárunum og gerði úr henni mikla bók, samtals á sjötta hundrað blaðsíður: *Låneordene i det 16. århundredes trykte islandske litteratur*, sem kom út á vegum Árnafndar (Den Arnamagnæanske Kommission) í Kaupmannahöfn 1946, sjötta bindið í ritröðinni *Bibliotheca Arnamagnæana*. Við samningu þessarar bókar naut Chr.W-N þess hve vel hann var að sér í íslensku og íslenskri málsögu, en einnig er augljóst að til að semja slíka bók þurfti staðgóða kunnáttu í norrænum málum, svo og í miðlagþýsku og miðháþýsku. Það er með öðrum orðum augljóst að bókin er samin af vel lærðum málfræðingi. Bókin skiptist í skrár og inngang á 107 blaðsíðum og tökuorðabók á 406 blað-

síðum. Í inngangi er gerð grein fyrir tökuorðum í íslensku á 16. öld og úr hvaða málum þau muni ættuð. Í orðabókinni eru við hvert uppsláttarorð tilfærð dæmi um notkun orðsins í þeim sextánda aldar bókum íslenskum sem voru orðteknar og öll dæmi tekin stafrétt eftir heimildunum, en dæmi látin fylgja um samsvarandi orð í því tungumáli sem var lánveitandinn, oftast þýska eða danska, og þau dæmi tekin úr þeim prentuðu bókum sem telja má öruggt eða líklegt að íslenskir þýðendur hafi notað.

Með þessari bók leysti Chr.W-N óhemju mikið og erfitt verk af hendi, í fyrsta lagi að orðtaka öll heimildaritin og skera úr um hvað væru tökuorð og hversu gömul þau væru í málinu, hver þessara tökuorða væru tekin af þýðendum beint úr erlendum bókum og hver væru líkleg til að hafa borist í málið eftir öðrum leiðum, sem er raunar meiri hluti orðaforðans í bókinni; í öðru lagi að fara vandlega yfir allt efnið og gaumgæfa að allt væri orðrétt og stafrétt tekið upp eftir heimildunum, en þar var hann undir ströngum aga Jóns Helgasonar prófessors sem reyndist honum betri en enginn við prófarkalestur og leiðbeiningar. Þessi bók er brautryðjanda verk, ómissandi handbók þeirra sem fást við íslenska málsögu, einkum málsögu fyrstu áratuganna eftir siðaskipti, enda hefur oft verið til hennar vitnað síðan hún kom út.

Vinna Chr.W-N's við þessa bók mun hafa orðið til þess að hann fékk áhuga á að kanna betur og gefa út rit íslenskra siðaskiptamanna. Að þessu viku hann í inngangi að doktorsritgerð sinni: *To bibelske visdomsbøger og deres islandske overlevering*, sem vikið er að hér á eftir:

For den, der har prøvet at arbejde med et enkelt område af det 16. århundredes nordiske sproghistoriske udvikling, må det stå som en ganske særlig attraktiv opgave at undersøge en nordisk bibels tilblivelseshistorie, og her er da igen biskop *Guðbrandur Þorlákssons* udgave af den hele bibel på islandsk sprog, Hólar 1584, sammen med de forskellige problemer omkring dens tilblivelse kommet til at virke særlig tiltrækkende – og det af flere grunde. (Bls. XIV.)

Skömmu eftir að *Låneordene* kom út tók hann til við að undirbúa útgáfu á þýðingu Gissurar biskups Einarssonar á Jesú Síraks bók (*Ecclesiasticus*) og Orðskviðum Salómons. Þessi rit höfðu bæði verið gefin út á prent af Guðbrandi biskupi Þorlákssyni á Hólum 1580, og aftur var textinn prentaður 1584 í Guðbrandsbiblíu. Af Hólaprentinu



frá 1580 eru þrjú óheil eintök varðveitt af Jesú Síraks bók (í Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn, Háskólabókasafni í Uppsölum og Advocates' Library í Edinborg) og tvö af Orðskviðum Salómons (í

Konungsbókhöðu í Kaupmannahöfn og Háskólabókasafni í Uppsölum), annað þeirra heilt (Uppsala eintakið). Frumrit Gissurar Einarssonar er glatað, en Hólaútgáfan gerð eftir heldur lélegu handriti, Sth. perg. 10 4to. Þessi rit gaf Chr.W-N út í Bibl. Arn. XV, Kaupmannahöfn 1955. Textann prentaði hann stafrétt eftir Sth. perg. 10 4to og tók lagfæringar eftir öðrum handritum þar sem þess var þörf. Undir texta eru prentuð lesbrigði eftir þremur skinnbókum og sex brotum úr skinnbókum, en öll þessi handrit hafa verið skrifuð áður en ritin voru prentuð á Hólum 1580. Neðst á blaðsíðunum er svo prentaður texti lágþýskskrar biblíu sem Chr.W-N sýndi fram á að hefði verið það forrit sem Gissur Einarsson þýddi eftir. Sú biblía var prentuð í Wittenberg 1541. Um þessi rit fjallar síðan doktorsrit Chr.W-N's: *To bibelske visdomsbøger og deres islandske overlevering*. En filologisk studie over Ecclesiasticus og Prouerbia Salomonis i det 16. århundrede. Bibliotheca Arnamagnæana. Vol. XVI. Kaupmannahöfn 1957. Í þessari bók er í upphafi greinargerð fyrir tilgangi ritsins, síðan stutt yfirlit yfir elstu biblíuþýðingar, en í meginhluta bókarinnar eru lýsingar á handritunum, kafli um þýðinguna og varðveislu hennar, þar sem meðal annars er fjallað um Gissur Einarsson, ævi hans og störf, en að lokum kafli um eldri útgáfur.

Þessar bækur voru lengi í smíðum, enda ekkert áhlaupaverk að leita í öllum þeim biblíum sem höfðu verið gefnar út í Þýskalandi fyrir 1545 hver þeirra mundi hafa verið það forrit sem Gissur þýddi eftir, en þetta forrit tókst Chr.W-N að finna.

Þessar þrjár bækur sem nú hafa verið nefndar eru höfuðrit Chr.W-N's og þau verk sem oft mun verða leitað til meðan íslensk fræði eru stunduð. Fyrir þessi verk og þann þekkingarauka sem í þeim er að finna mega Íslendingar vera honum þakklátir.

Í formála fyrir *To bibelske visdomsbøger* tekur Chr.W-N fram að ritgerðin 'bygger på resultater af syv års arbejde' og að 'Fremstillingen undgår næppe helt at bære præg af hovedsagelig at være blevet til i sene nattetimer.' (Bls. IX.) Næturvinnan stafaði að vísu ekki einvörðungu af því að honum gæfist ekki tími til að vinna við ritgerðina á daginn vegna annarra starfa. Maðurinn var að ýmsu leyti sérstæður, og eitt af sérkennum hans var að sitja við vinnu fram yfir miðnætti og ganga ekki til náða fyrr en langt var liðið á nótt.

Chr.W-N var ráðinn stundakennari (undervisningsassistent) í norænu við Hafnarháskóla 1947 og síðar lektor árin 1955–57. Hann var

ráðinn umsjónarmaður á stúdentagarðinum Nordisk Kollegium 1946 og viceefor 1949–56. Ég minnst þess, þegar ég fékk inni á Nordisk Kollegium á árunum 1954–56, að þá sat Chr.W-N löngum stundum, einkum síðla dags, yfir próförkum á skrifstofu sinni og hafði stúdenta sér til aðstoðar við samanburð og könnun heimilda, en sat oft og einatt sjálfur við vinnu langt fram yfir miðnætti. Það háði honum nokkuð sem útgefanda, að hann réð ekki auðveldlega við þá smásmugulegu nákvæmni sem til þarf, að taka texta stafrétt eftir handritum eða gömlum prentuðum bókum og meðal annars þess vegna mun hann hafa fengið sér aðstoðarmenn til að tryggja að frágangur væri í lagi. Ef svo vildi til að ég kæmi á Kollegíð um tvöleitið að næturlagi og liti inn í setustofu átti ég á hættu að rekast þar á Chr.W-N, en það gat kostað klukkutíma samtal, og yfirleitt var það ekki hann sem sleit samtalinu. Bæði var, að maðurinn var forvitinn og þurfti margs að spyrja, enda vissi hann ótrúlega mikið um menn og málefni á Íslandi, og sjálfur hafði hann frá mörgu að segja og sagði vel frá, enda sögumaður með ágætum. Satt að segja var freistandi að líta inn í setustofuna áður en gengið var til náða og athuga hvort kostur væri á skemmtilegum samræðum, enda þótt það kæmi niður á næturhvíldinni.

Christian Westergård-Nielsen kom í fyrsta skipti til Íslands tvítugur stúdent árið 1930 og var þá í hópi danskra stúdenta sem komu á alþingishátíðina á Þingvöllum; hann var aftur hér á landi árin 1932–33, en þau ár gegndi hann herþjónustu og var þá til aðstoðar dönskum landmælingamönnum og ferðaðist víða um landið, mest á hestum, og enn var hann hér á landi árið 1937. Undirstöðu að íslenskunámi hafði hann fengið í menntaskóla. Á þeim árum var sú grein hluti af móðurmálskennslu í dönskum menntaskólum sem Danir nefndu oldnordisk. Þeir sem það nám stunduðu lásu *Oldnordisk læsebog* eftir Ludvig F.A. Wimmer og fengu dágóða undirstöðu í norrænni málfræði. Sú undirstaða kom Chr.W-N að góðu gagni, og á ferðum sínum á Íslandi náði hann því valdi á málinu að enginn gat heyrt annað en að íslenska væri hans móðurmál. Ég hef séð löng bréf sem hann skrifaði vini sínum eftir seinna stríð, prýðisvel stíluð á lýtalausri íslensku.

Eftir ferðir sínar til Íslands hygg ég ekki ofmælt að segja að Chr.W-N hafi tekið ástfóstri við landið, og í Kaupmannahöfn leitaðist hann við að hafa samband við Íslendinga. Hann var ritari félagsins Dansk-Islandsk Samfund árin 1940–57, sá um árbók félagsins 1946–52 og var í stjórn þess til 1959. Hann hafði mikinn áhuga á menningarleg-

um samskiptum Dana og Íslendinga og ritaði fjölda greina í dönsk blöð um Ísland og íslensk málefni á stríðsárunum og fyrstu árunum eftir stríð. 'Islandsk Sommer' birtist í *Berlingske Aftenavis* á stríðsárunum, rómantísk lýsing á íslensku sumri, skrifuð af mikilli hlýju. Þegar Íslendingar ákváðu að slíta sambandinu við Danmörk og stofna lýðveldi var því að sjálfsögðu ekki vel tekið af Dönum, en þá gerðist Chr.W-N málsvari Íslendinga og skýrði fyrir löndum sínum sögulegar og tilfinningalegar ástæður Íslendinga fyrir því að taka öll sín mál í eigin hendur og stofna lýðveldi. Að þessu viku hann í lokum greinar í *Gads danske Magasin* 1943: 'Det frie og selvstændige Island. 1918 – 1. December – 1943.' Í *Berlingske Aftenavis* 6. mars 1944 er greinin: 'Islands Vej', þar sem málstaður Íslendinga er túlkaður af vinsemd og skilningi, og um sama efni er grein í *Nationaltidende* 16. júní 1945: 'Danmark og Island'. Þessu vinarbragði eiga Íslendingar ekki að gleyma. Því skal heldur ekki gleymt að fyrir tilstilli Chr.W-N's fengu fleiri íslenskir stúdentar inni á Nordisk Kollegium en ef hans hefði ekki notið við.

En svo kom handritamálið.

Ellefta desember 1952 birtist kjallaragrein (króníka) eftir Chr.W-N í *Berlingske Aftenavis*: 'Haandskrift-Striden – et Forslag'. Meginhluti þessarar greinar er tiltölulega hlutlaus umfjöllun um handritamálið, um hvað það snúist og hvað liggi að baki kröfum Íslendinga um að fá íslensk handrit aftur heim. Að vísu er öllu meira fjallað um það sem höfundurinn kallar 'at Debatten fra islandsk Side har skudt visse Vildskud.' Meðal annars getur hann þess að háskólamaður einn ('En enkelt Akademiker') hafi haldið því fram að Ísland ætti af sögulegum ástæðum ekki einungis að krefjast þess að handritunum væri skilað, heldur einnig Grænlandi, hlut Íslands í gimsteinum krúnunnar ('Kronjuveler') og hluta af andvirði dönsku Vesturheimseyjanna sem voru seldar undan konungsríkinu án þess að Íslendingar væru spurðir. Ekki veit ég hver þessi háskólamaður var – og vil ekki vita það. Ef vilji hefði verið fyrir hendi hefði verið auðvelt að nefna álíka vitlaus skrif eftir danska háskólamenn, en því sleppti Chr.W-N. Að öðru leyti er naumast hægt að segja annað en að Chr.W-N hafi í þessari grein fjallað um handritamálið af sanngirni, og þetta hefði verið þörf grein ef höfundurinn hefði ekki hlaupið út undan sér. Undir lok greinarinnar stendur þetta:

Naar Realiteterne synes at overmande et Menneske, føler man sig undertiden tilskyndet til at tage sin Tilflugt til Drømmenes Verden. Og det maa vist her til Slut være tilladt at fremsætte en saadan Drøm:

Og draumurinn var að skipta í helminga öllum þeim handritum í Árnasafni og í Konungsbókhlöðu sem um var deilt, þannig að annar helmingurinn færi til Reykjavíkur, en hinn yrði eftir í Höfn. Skiptunum skyldi hagað þannig, að handrit með jöfnum tölum í safnnúmeri færu til Íslands ásamt ljósmyndum af þeim sem yrðu eftir í Höfn, en handrit með ójöfnum tölum í númeri yrðu eftir ásamt ljósmyndum af þeim sem færu til Íslands. Þetta var ekki hægt að taka alvarlega; hugmyndin um skiptinguna og hvernig að henni skyldi staðið fór alveg með þessa til-
tölulega meinlausu grein, og Íslendingar urðu höfundinum reiðari en efni stóðu til. En þótt hugmyndin um aðferð við skiptingu handritanna væri vitlaus er vert að taka upp þessa klausu úr greininni:

Og det ideelle Indhold i Drømmen er, at der skabes bedre Vilkaar for Udøvelsen af islandsk Filologi. Denne Videnskabsgren bliver nu ikke afhængig af Konjunkturerne i et enkelt Land. Det ene Lands Resultater vil uvægerligt opmuntre til øget Indsats i det andet Land, og derved vilde man unægtelig varetage de omstridte Haandskrifters Tarv bedst. Og det er jo – bortset fra alle nationale Prestigehensyn – Haandskrifternes Fremtid, Sagen drejer sig om.

Ætli sá tími sé ekki kominn að við getum tekið undir þetta?

Mér er ekki kunnugt um hvað fór á milli háttsettra Íslendinga og Chr.W-N's eftir að þessi grein birtist, en hitt veit ég, að eftir þetta sneri hann algerlega við blaðinu og gerðist einn ákveðnasti andstæðingur Íslendinga í handritamálinu. Hann var skipaður formaður Árnaneðndar 1962 og átti sinn þátt í því, eftir að lögin um afhendingu handritanna voru endanlega samþykkt í danska þinginu 1965, að mál var höfðað til að hnekkja þeirri samþykkt þingsins, og þegar það vannst ekki var höfðað annað mál og krafist bóta fyrir þau handrit sem færu til Íslands. Þessum málaferlum lauk með dómi hæstaréttar Danmerkur 19. mars 1971, sem féll þinginu í vil.

Árið 1971 var skipuð fjögurra manna nefnd til að gera tillögur um skiptingu íslenskra handrita í Árnasafni og Konungsbókhlöðu milli Ís-

lands og Danmerkur. Chr.W-N var ásamt dr. Ole Widding skipaður af hálfu Dana í þessa nefnd sem var við lýði í hálfan annan áratug. Á fundum nefndarinnar hélt Chr.W-N sig við bókstaf laganna, en í lögunum stendur að til Íslands skuli fara handrit þeirra verka sem vitað væri eða væri nokkurn veginn öruggt að hefðu verið samin eða þýdd af Íslendingum og þar að auki, eins og það er orðað á dönskunni: 'indholdsmaessigt alene eller i overvejende grad vedrører Island og islandske forhold ...' Í þetta óljósa ákvæði lagði Chr.W-N svo þröngan skilning, að t. d. handrit Egils sögu ættu að verða eftir í Danmörku, vegna þess að Egils saga gerðist að meiri hluta utan Íslands.

Pannig var Chr.W-N: Málaþýlgjumaður mikill, kunni vel að beita rökum ef kappið hljóp ekki með hann í gönur, en átti til að vera einstrengingslegur. Hann var það sem Danir kalla *rethaverisk* í þeirri merkingu, að hann hélt fast í það sem hann hafði einu sinni bitið í sig að væri rétt, og þar varð honum ekki þokað um hársbreidd. Hann hefði áreiðanlega orðið duglegur lögfræðingur.

Þessi lyndiseinkunn hans varð honum til mæðu og mótlætis fljótlega eftir að hann varð prófessor við háskólann í Árósum (1957). Hann hafði áður kennt fornnorræna málfræði við Hafnarháskóla. Gamli nemendur hans segja mér að hann hafi verið skýr kennari og að þessi kennsla hafi átt vel við hann, enda hrein og klár lögmál að fást við. En eftir að danskir stúdentar komust að því að þeir hefðu ekkert við forna norrænu að gera og allra síst við fornnorræna málfræði, en vildu auk þess ráða einhverju um það sjálfir hvað væri kennt, var naumast von á góðu í samskiptum þeirra og Chr. W-N's.

Hann einangraðist smám saman, fékk ekki nemendur og samvinna við aðra kennara skilst mér að hafi verið stírt, nema við þá sem voru álíka sérsinna og ósveigjanlegir og hann sjálfur. Lundin var þannig og lífsviðhorf, að óhugsandi var að honum gæti samið við stúdenta um og upp úr 1970 og þá háskólamenn sem stóðu fyrir byltingu í dönskum menntamálum á þessum árum. Hann talaði ekki vel um þá. En hvað sem því líður skulum við Íslendingar láta hann njóta sannmælis. Hann átti mikinn þátt í að koma á samnorrænum sumarnámskeiðum fyrir stúdenta, sem hafa verið haldin til skiptis á Norðurlöndum síðan 1963, og hafði við góðan orðstír veg og vanda af skipulagi þessara námskeiða fram til ársins 1982. Einnig sá hann á árunum 1976–82 um sumarnámskeið íslenskra dönskunema í Danmörku, bæði frá háskólanum

og kennaraskólanum, og leysti það verkefni af hendi með þrýði og við miklar vinsældir þeirra sem þátt tóku í þessum ferðum.

Skömmu eftir að Chr.W-N fluttist til Árósa gat hann þess í bréfi til vinar síns á Íslandi, að það sem hann saknaði einna mest frá Kaupmannahöfn væri að nú hitti hann svo sjaldan Íslendinga. Hann nefnir tvo hina fyrstu sem komu í heimsókn: 'annar þeirra kom kendur, en hinn ófullur, hvort verra var, látum við ósagt.' Og ekki veit ég nema fundirnir í skilanefnd handritanna, sem voru haldnir til skiptis í Danmörku og á Íslandi, hafi létt honum lífið á erfiðum tímum í æfi hans, enda þótt fundirnir sjálfir hafi ekki ævinlega verið skemmtilegir. Hvað sem leið vinslitum hans við ýmsa Íslendinga átti hann þó tryggja vini á Íslandi sem hann hafði samband við. Hann var gestrisinn og mikill höfðingi heim að sækja og taldi ekki eftir sér að greiða götu þeirra Íslendinga sem til hans leituðu. Ég hygg að landið og tungan hafi verið honum hjartfólgið til hinstu stundar.

Síðustu æviár hans voru erfið, einkum eftir að hann missti sína ágætu konu, Else Grete (f. 13. júlí 1917, d. 1979), sem hann gekk að eiga 22. júlí 1943. Foreldrar hennar voru Albert Georg Kongsbak listmálari og Anne Cathrine Bisgaard. Hann missti sjón á níunda áratugnum og var að síðustu að heita mátti blindur, en kaus samt að dveljast áfram einn í stóru húsi í Skejby, úthverfi frá Árósum, þar sem hann hafði átt heima frá 1958. Þar andaðist hann 26. ágúst 1994.

Ég minnst hans sem vinar.